Sé Tunglið allt úr Tómum Osti

Sé tunglið allt úr tómum osti
talsvert held ég að það kosti.
Þar músapabbar ei mikið gera
og Möllu þætti víst gott að vera.

Naga, naga alla daga
narta bita í sinn maga.
Þá verður Möllu magi stór
og Maggi ekki lengur mjór.

Sé tunglið allt úr tómum osti
talsvert held ég að það kosti.
Þar músapabbar ei mikið gera
og Möllu þætti víst gott að vera.
Tra la la ha ha, Tra la la ha ha
Tra la la ha ha, Tra la la la la, La ha ha

Á ógnar span ´ í eldflauginni
æddi ég með systur minni.
Um himingeiminn ég hentist spenntur
og hérna er ég nú loksins lentur.

Úr gulum osti allt er hér
ef að tunglið þetta er.
Nú ég í hann narta vil
og namm og namm ég hlakka til.

Á ógnar span ´ í eldflauginni
æddi ég með systur minni.
Um himingeiminn ég hentist spenntur
og hérna er ég nú loksins lentur.
Tra la la ha ha, Tra la la ha ha
Tra la la ha ha, Tra la la la la, La ha ha

Sýningin er styrkt af Kópavogsbæ

Ferðin til Limbó

67. leikár - Frumsýnt 2. mars 2024 - miðasala á Tix.is

Leikfélag Kópavogs setur nú á svið barnaleikritið „Ferðin til Limbó“ eftir Ingibjörgu Jónsdóttur (1953-1986) sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu í janúar 1966. Leikritið byggir á barnabókinni Músabörn í geimflugi eftir sama höfund sem kom út árið 1963. Leikritið var fyrsta leikritið eftir íslenska konu sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu. Leikritið hefur ekki verið sett upp síðan þó að það hafi hlotið mikla aðsókn á sínum tíma. Tónlist í verkinu er eftir Ingibjörgu Þorbergs og er þekkasta lagið í verkinu “Sé tunglið allt út tómum osti”.

GÓÐA SKEMMTUN!

Leikstjórinn

Örn Alexandersson hefur starfað með Leikfélagi Kópavogs frá 1988 og m.a. setið í stjórn félagsins. Hann hefur tekið þátt í fjölda uppfærslna hjá Leikfélagi Kópavogs sem leikari, hannað leikmyndir og búninga og leikstýrt. Má þar nefna Elskhuga e. Harold Pinter, Á rúmsjó e. Slawomir Mrozek, Lík til Sölu e. Dario Fo og barnaleikritið Fróði og allir hinir grislingarnir e. Ole Lund Kirkegaard. Þá hefur hann einnig skrifað nokkur leikrit bæði fyrir fullorðna og börn auk leikþátta. Má þar nefna barnaleikritin „Gutti og félagar“ sem byggði á textum Stefáns Jónsonar og barnaleikritið Rúi og Stúi í samvinnu við Skúla Rúnar Hilmarsson sem hefur verið sett upp víðsvegar um landið. Leikrit fyrir fullorðna sem Örn hefur skrifað eru m.a. Fjallið og Snertu mig ekki – snertu mig. Örn hefur sótt fjölda námskeiða tengda leiklist s.s. í leikstjórn og leikritun.

Aðstoðarleikstjórinn

Sigrún Tryggvadóttir hefur starfað með Leikfélagi Kópavogs síðan 2007 en hafði áður starfað með leikfélaginu Leyndir draumar og var einn af stofnendum þess árið 1996. Sigrún hefur setið í stjórn LK og hefur áður leikstýrt leiksýningum og leikþáttum hjá félaginu og nú síðast Betri er þjófur í húsi en snurða á þræði eftir Dario Fo. Sigrún hefur einnig fengist við að skrifa stutta leikþætti og var meðal annarra meðhöfundur í uppfærslu Leikfélags Hafnarfjarðar á verkinu „Ekkert að óttast“ sem valin var Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2016 af valnefnd Þjóðleikhússins. Sigrún hefur sótt fjölda námskeiða í leiklist s.s. leikstjórn og leikritun.

Örn og Sigrún hafa unnið saman í fjölda sýninga hjá félaginu.

Hlutverk — Leikari

Maggi mús	Gísli Björn Heimisson
Malla mús	Birgitta Björk Bergsdóttir
Prófessor/Konungur/Slökkviliðsmaður	Aðalsteinn Jóhannsson
Aðstoðarmaður/Falskóngur/Borgarstjóri	Oddfreyja H Oddfreysdóttir
Mamma mús/Agga prinsessa/Kona	Guðný Hrönn Sigmundsdóttir
Bolti 1/Varðmaður/Slökkviliðsmaður	Mikael Ólafsson
Bolti 2/Varðmaður/Slökkviliðsmaður	Ida Marie Sörensen
Slökkviliðstjóri	Sigurður Kr Sigurðsson

Leikhús mýs

Leikstjóri	Örn Alexandersson
Aðstoðarleikstjóri	Sigrún Tryggvadóttir
Hönnun hljóð og mynd	Hörður Sigurðarson
Útlitshönnuður	María Björt Ármannsdóttir
Ljósahönnun	Arnar Ingvarsson
Aðstoð við ljós	Skúli Rúnar Hilmarsson
Aðstoð við tónlistarundirbúning	Halldór Sveinsson
Útsetning tónlistar	Jósep Gíslason
Sýningastjóri	Petra Ísold
Danshöfundar	Petra Ísold og Birgitta Björk Bergsdóttir
Tækni keyrsla á sýningum	Hjördís Berglind Zebitz og Hörður Sigurðarson
Hönnunarteymi	María Björt, Gísli, Oddfreyja og Aðalsteinn
Aðstoð við söng	Ragnhildur D. Þórhallsdóttir